

**Nd.**

### **33. Breytingartillögur**

[5. mál]

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar. (ÞÞ, IngJ, EKJ.)

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notanda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.  
Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra orkumála, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.
2. Við 2. gr. Önnur málsg. falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.  
Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.  
Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð sbr. ákv. 1. mgr. þessarar greinar um sölu.
4. Við 6. gr. Fyrri málsg. orðist svo:  
Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði upp-  
gjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Orkusjóðs.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:  
Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmið-  
unnar og Íslenska álfélagsins hf. og til húshitunar.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráða-  
birgðalánnum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum  
árin 1972 og 1973, að fjárhæð allt að 148.3 millj. kr.
7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975.  
Umboð núverandi stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins fellur niður við gildistöku  
þeirra.